

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (urðunar- og sorphreinsigjald).

2. gr.

Gjaldið er lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar. Gjaldið er innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

- A) Íbúðir, sorphirðugjald, kr. 14.500.
- B) Móttökugjald í endurvinnslustöð á Dalvík verði 11,00 kr./kg og verði það á árinu 2008 eingöngu innheimt af fyrirtækjum en það innifelur flutnings- og urðunargjald. Urðunargjald verði samkvæmt gjaldskrá Flokkunar ehf. að viðbættu 10% umsýslugjaldi, í dag 4,95 kr./kg. Íbúar Dalvíkurbyggðar þurfa ekki að greiða móttökugjald á endurvinnslustöð á Dalvík.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitafélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, og öðlast nú þegar gildi. Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá um sorphirðu í Dalvíkurbyggð nr. 1167/2006 úr gildi.

Dalvíkurbyggð, 23. janúar 2008.

Svanfríður Inga Jónasdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. febrúar 2008